

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Iðavellir 1.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 19. maí 2026 óverulega breytingu á deiliskipulagi Flugvalla, svæði Vb2. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin varðar lóðina Iðavelli 1 og felst í viðbyggingu við núverandi húsnæði ásamt uppfærslu á ytra byrði, sbr. uppdrætti Riss verkfræðistofu dags. 20. apríl 2026. Að öðru leyti helst skipulagið óbreytt. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Helguvík – breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 21. apríl 2026 breytingu á deiliskipulagi Helguvíkur. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin snýr að viðlegukanti á hafnarsvæði og lóð fyrir skipaolíutanka. Að öðru leyti helst skipulagið óbreytt. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Reykjanesbæ, 6. ágúst 2026.

Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 20. ágúst 2026